



REYKJANESBÆR

## BREYTING Á AÐALSKIPULAGI VEGNA HELGUVÍKUR

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar auglýsir hér með kynningu á tillögu að breytingu á **Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995–2015**, samkvæmt 18. gr. skipulags – og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Tillagan að breytingu á aðalskipulagi nær til um 240 ha svæðis. Í breytingunni felst að afmarkað er sérstaklega hafnarsvæði (31 ha), svæði sem skilgreint er fyrir stofnanasvæði er minnkað um 3,2 ha skv. lóðarsamningi, landnotkun innan iðnaðarsvæðis og hafnarsvæðis er skilgreind nánar, afmarkað er þýnningarsvæði vegna starfsemi álvers, afmörkuð lega raflína og skilgreindar takmarkanir á landnýtingu vegna ofangreindra breytinga.

Tillagan ásamt umhverfisskýrslu liggur frammi á bæjarskrifstofum Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12, frá 16. maí 2007 til og með 27. júní 2007. Hún er einnig aðgengileg á upplýsingavef Reykjanesbæjar [reykjanesbaer.is](http://reykjanesbaer.is). Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út miðvikudaginn 27. júní. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Reykjanesbæjar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Þeir sem eigi gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests teljast samþykkir henni.

Samhliða eru auglýstar breytingar á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs 1998-2018 og Aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2005-2025.

**Framkvæmdastjóri.**